

Fyrsta vindorkuver landsins komið í gang

Fyrsta vindorkuver landsins, Vaðölduver, var gangsett 15. september við hátíðlega athöfn. Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, lýsti því yfir að vindorkuverið væri tilbúið til rekstrar. Í kjölfarið fóru spaðar vindmyllanna að snúast og raforka að skila sér inn á flutningskerfi Landsnets.

Núna eru 14 vindmyllur risnar í Vaðölduveri en aðrar 14 munu rísa á næsta ári. Gert er ráð fyrir að vindorkuverið verði komið í fullan rekstur fyrir lok árs 2027.

Vaðölduver stendur á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, stærsta aflsvæði Landsvirkjunar, austan Þjórsár og sunnan Sultartangastíflu. Vindorka hentar vel með vatnsafl þar sem vindur er oft meiri yfir veturinn

þegar innrennsli í miðlunarlón er minna.

Vaðölduver er fyrsta vindorkuverið sem fer í gegnum rammaáætlun stjórnvalda. Framkvæmdirnar hafa verið umfangsmiklar. Hver vindmylla vegur um 582 tonn og er um 150 metrar á hæð þegar spaðinn er í hæstu stöðu. Alls hafa verið lagðir um 20 kílómetrar af vegum og grafnir 20 kílómetrar af skurðum á framkvæmdasvæðinu.

Mikill flutningur fylgdi framkvæmdunum. Vindmyllurnar voru fluttar um 130 kílómetra leið frá Þorlákshöfn að Vaðölduveri, að jafnaði sex nætur í viku.

Til að tengja vindorkuverið við flutningskerfið hefur Landsnet tekið í notkun nýtt 220 kV tengivirki í Ferjufit.



Mynd: Landsvirkjun



Selfyssingar Gatorade-bikarmeistarar!

Selfyssingar hætta ekki að fagna þessar vikurnar en sl. föstudag varð félagið Gatorade-bikarmeistarar í knattspyrnu karla. Eftir 3-1 sigur gegn Haukum í hörkuleik á Laugardalsvelli endurtóku Selfyssingar leikinn frá 2023.

Mynd: Halldór Steinar Benjamínsson.

2,8 milljarða uppbygging hjá Reykjagarði á Hellu

Framkvæmdir standa yfir við um 4.000 fermetra nýbyggingu Reykjagarðs á Hellu. Heildarférfestingin getur numið allt að 2,8 milljörðum króna og verður starfsemi sem nú fer fram á höfuðborgarsvæðinu flutt á Hellu.

Í nýja húsinu verða meðal annars hlutun, úrbeining, fullvinnsla, pökkun, frýsting og kæling. Þá verður sett upp ný vinnslulína til steikingar og frýstingar sem nú fer fram hjá SS á Hvolsvelli. Um 25 stöðugildi flytjast frá höfuðborgarsvæðinu.

Fyrsti áfangi byggingarinnar er kominn vel á veg. Stefnt er að því að húsið verði



Mynd: Rangárfing ytra

lokað í byrjun nóvember og að starfsemi í nýju vinnslunni hefjist um mitt ár 2027.

Hjá Reykjagarði starfa um 140 manns, þar af 100–110 í Rangárvallasýslu. Framkvæmdin er því stór fjárfesting í atvinnustarfsemi á svæðinu og mikilvægt skref í uppbyggingu fyrirtækisins.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

NÝR TOYOTA bZ4X



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Heitt á könnunni og kleinur á meðan þú bíður í september

Bridsfélag Selfoss

81. aðalfundur Bridsfélags Selfoss verður haldinn í Karlakórshúsinu, Eyravegi 67, föstudagskvöldið 2. október 2026 kl. 19.



Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Allir bridsáhugamenn velkomnir.

Stjórnin

Breytingar á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um næstu áramót

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur ákveðið að hefja nauðsynlegan undirbúning vegna þeirra breytinga sem verða á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um næstu áramót.

Með lagabreytingum sem taka gildi 1. janúar 2027 verða verkefni sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur sinnt um áráðil að verulegu leyti færð frá sveitarfélögum til ríkisins.

Í ljósi þess hefur heilbrigðisnefnd falið framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að hefja formlegt ferli vegna starfsloka starfsfólks og uppsagnar á leiguhúsnæði embættisins, í samræmi við gildandi lög, kjarasamninga og aðra samninga. Jafnframt er formanni nefndarinnar falið að segja framkvæmdastjóra upp

störfum með sama hætti.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag sveitarfélaga á Suðurlandi og hefur um langt skeið sinnt mikilvægum verkefnum á sviði heilbrigðiseftirlits, hollustuhátta, mengunarvarna og matvælaeftirlits á starfssvæði sínu.

Heilbrigðisnefnd leggur ríka áherslu á að vel verði staðið að þessum umfangsmiklu breytingum og að hagsmunir starfsfólks verði hafðir að leiðarljósi í því ferli sem nú tekur við. Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands býr yfir mikilli reynslu og sérþekkingu sem hefur byggst upp á löngum tíma og nefndin telur mikilvægt að sú þekking nýtist áfram við eftirlit og þjónustu á Suðurlandi.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands vill við þessi tímamót færa fram-

kvæmdastjóra og starfsfólki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands innilegar þakkir fyrir þeirra mikilvæga og faglega starf í þágu íbúa, sveitarfélaga og atvinnulífs á Suðurlandi. Nefndin kann því bestu þakki fyrir gott samstarf og óskar starfsfólkinu alls hins besta í þeim breytingum sem fram undan eru.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur þegar fundað um málið og tekur heilshugar undir áherslur heilbrigðisnefndar. Stjórnin ítrekar mikilvægi þess að faglega sé staðið að umskiptunum gagnvart starfsfólki og leggur áherslu á að ríkið nýti sér þann mikla mannauð og staðarþekkingu sem þegar er til staðar á Suðurlandi við uppbyggingu á nýju eftirlitskerfi.

SASS



Bláa Lónið kaupir 21 smáhýsi af BYKO til uppbyggingar í Þjórsárdal

Bláa Lónið og BYKO hafa undirritað kaupsamning um kaup á 21 smáhýsi frá BYKO. Húsin eru liður í mikilli uppbyggingu Bláa Lónsins í Þjórsárdal, en þar er um að ræða eina umfangsmestu fjárfestingu í íslenskri ferðaþjónustu.

Uppbyggingin í Þjórsárdal byggir á langtímasýn um aukið aðgengi að náttúru og sögu dalsins, með það að markmiði að gera hann að heildstæðum áfangastað, með virðingu fyrir sérstöðu svæðisins. Verkefnið nær meðal annars til Fjallabaðanna og hótelsins Mountain Retreat í Rauðukömbum, sem að hluta til verður grafið inn í fjallshlíðina, Gestastofu Þjórsárdals, auk smáhýsanna og tjaldsvæðis við Selhöfða. Gestastofan verður miðstöð fræðslu um náttúru og sögu Þjórsárdals, með gagnvirkri sýningu, upplýsingamiðstöð og veitingum.

Uppbyggingin mun skapa fjölbreytta möguleika til afþreyingar í Þjórsárdal og styrkja stöðu svæðisins sem áfangastaðar fyrir innlenda jafnt sem erlenda ferðamenn — allt frá gistingu í hágæða smáhýsum til fjallabaða, gönguferða og fræðslu um sögu og náttúru dalsins, sem meðal annars geymir Stöng, Háafoss, Hjálparfoss og

Gjáanna. Verkefnið er jafnframt í takt við áherslur á að dreifa ferðamönnum víðar um landið og lengja ferðamannatímabilið, og fellur vel að metnaði Skeiða- og Gnúpverjahrepps og stjórnvalda um öfluga uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

BYKO og Bláa Lónið hafa um langt árabil verið öflugir samstarfsaðilar. Fyrirtækin áttu í samstarfi við Blue Lagoon Retreat hótelið í Svartsengi, sem og í Kerlingarfjöllum og við breytingar á Fontana við Laugarvatn.

Nú er að hefjast nýr kafli í samstarfinu þar sem BYKO byggir 21 smáhýsi fyrir uppbygginguna í Þjórsárdal, en fyrirhugað er að húsin verði 40 þegar framkvæmdum lýkur.

Smáhýsin eru framleidd í verksmiðju BYKO í Lettlandi, og koma þau fullbúin til landsins — með innréttingum, hreinlætisaðstöðu og öllum frágangi — tilbúin til uppsetningar. Fjölbreytt úrval húsa verður í boði sem hentar ólíkum þörfum, hvort sem um er að ræða þör, fjölskyldur eða þá sem kjósa einfaldari gistingu í húsum með kójum.

„Við erum afar stolt og þakklát fyrir það traust sem okkur er sýnt með þátttöku okkar í þessari metnaðarfullu uppbyggingu í

Þjórsárdal. Það er ánægjulegt að fá að leggja okkar af mörkum til svo spennandi verkefnis,“ segir Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO.

„Samstarf BYKO og Bláa Lónsins hefur verið afar farsælt og byggst á gagnkvæmu trausti, og það er sérstaklega ánægjulegt að sjá það þróast áfram með þessum hætti. Smáhýsin eru hönnuð með gæði, endingu og notagildi að leiðarljósi og við hjá BYKO erum afar stolt af því að þau verði hluti af þeirri einstöku upplifun sem bíður gesta á einum fallegasta stað landsins.“

BYKO er leiðandi fyrirtæki á byggingavörumarkaði á Íslandi með starfsemi um land allt. Fyrirtækið hefur um árabil framleitt og selt smáhýsi og önnur fullbúin hús frá systurfyrirtæki sínu í Lettlandi. Húsin eru sniðin að íslenskum aðstæðum og fjölbreyttum þörfum viðskiptavina, jafnt einstaklinga sem aðila í ferðaþjónustu.

„Við höfum frá upphafi lagt áherslu á metnað og fagmennsku í Þjórsárdal og þess vegna lá beinast við að vinna með BYKO. Húsin rísa í fallettu skóglendi við Sandá og styrkja vel fjölbreytt framboð gistingu í Þjórsárdal. Húsin munu marka upphaf starfsemi okkar í

Þjórsárdal þegar þau opna sumarið 2027 þegar Fjallaböðin sjálf verða tilbúin 2028.“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir forstjóri Bláa Lónsins.

Bláa Lónið er eitt þekktasta og öflugasta ferðaþjónustufyrirtæki Íslands og hefur áratugum saman verið meðal vinsælustu áfangastaða ferðamanna sem heimsækja landið. Fyrirtækið hefur byggt upp öfluga og alþjóðlega þekkta ferðaþjónustu sem sameinar náttúruupplifun, heilsulind, hágæða þjónustu og

nýsköpun, og er í dag eitt sterkasta vörumerki íslenskrar ferðaþjónustu.

Bláa Lónið hefur notið mikillar alþjóðlegrar viðurkenningar og er oft talið meðal helstu náttúruundra heims vegna einstakrar fegurðar, jarðsjávar og sérstaks umhverfis sem á sér fáar hliðstæður. Fyrir marga gesti er heimsókn í Bláa Lónið ómissandi hluti af Íslandsferð og tákn um þá einstöku náttúru sem landið hefur upp á að bjóða.



Frá undirritun kaupsamningsins milli Bláa lónsins og BYKO um uppbyggingu í Þjórsárdal. Fremst eru Sigríður Margrét Oddsdóttir og Sigurður Brynjar Pálsson og frá vinstri í efri röð eru Magnús Orri Marínarson Schram, Baldur Helgi Snorrason, Hartmann Kárasón, Jón Bjarni Jóhannsson, German Castillo og Eggert Kristinnsson.

Zelsíuz opnar nýtt útibú í Stekkjaskóla

Þann 7. september sl. opnaði félagsmiðstöðin Zelsíuz nýtt útibú í Stekkjaskóla. Opnunin markar spennandi skref í þróun félagsmiðstöðvarstarfs í Árborg og þeirri vegferð að færa þjónustuna nær börnum og unglingum.

Hrafnhildur Svala er verkefnastjóri Zelsíuz í Stekkjaskóla og mun halda utan um starfið þar. Með nýja útibúinu verður félagsmiðstöðvarstarfið sýnilegra og aðgengilegra fyrir nemendur og gefst þeim tækifæri til að kynnast starfinu og starfsfólki Zelsíuz í sínu daglega umhverfi.

Hluti af starfinu verður að vera með opnanir fyrir nemendur í frímínútum og í hádeginu. Þá verður þjónusta fyrir nemendur í 5.–7. bekk aukin, með fleiri opnunum í hverri viku. Fyrir nemendur í 8.–10. bekk verður opið tvisvar í viku í Stekkjaskóla.

Markmiðið með útibúinu er að skapa öruggan og jákvæðan vettvang þar sem börn og unglingar geta hist, myndað tengsl, tekið þátt í fjölbreyttu starfi og haft áhrif á það sem fram fer. Með því að færa félagsmiðstöðvarstarfið inn í nærumhverfi barnanna er jafnframt hægt að

ná til fleiri barna og unglinga og lækka þröskuldinn fyrir þátttöku í starfinu.

Fyrsta opnunin tókst vel og var ánægjulegt að sjá áhuga nemenda á nýja útibúinu. Starfið mun halda áfram að þróast í samstarfi við börnin og unglingana sjálfa, þar sem hugmyndir þeirra, áhugasvið og þarfir verða hafðar að leiðarljósi.

Opnun Zelsíuz í Stekkja-

skóla er mikilvægur liður í því að efla félagsmiðstöðvarstarf í Árborg og tryggja að fleiri börn og unglingar hafi aðgang að vönduðu frístundastarfi þar sem þau fá tækifæri til að vera virk, tilheyra og hafa áhrif.

Stefnt er að því að Zelsíuz muni opna útibú í öllum grunn-skólum Árborgar á næstu árum.

Árborg



Mynd: Árborg.

Ragnheiður Gröndal gestur stofutónleika á Eyrarbakka

Önnur útgáfa stofutónleikanna Söngvaskáld í stofunni verður haldin næsta sunnudag, 27. september. Ragnheiður Gröndal verður gestur Marínu Óskar á þessum notalegu tónleikum þar sem þær munu leika lög hvorrar annarrar og spjalla við áhorfendur.

Söngvaskáld í stofunni er tónleikaröð söngkonunnar Marínu Óskar og viðburðafyrirtækisins MX PROJECTS, þar sem Marína Ósk býður íslenskum söngvaskáldum heim í stofu, hvar þau flytja tónlist hvors annars, spjalla við áhorfendur og segja sögur.

Húseigendur þakka innilega hlýjar móttökur á fyrstu tónleikum tónleikaraðarinnar þann 13. september síðastliðinn, þar

sem Hreimur Örn Heimisson kom í heimsókn. Tónleikarnir lukkuðust vel og stemmingin var vinaleg og ljúf.

Búast má við mjúkri og heimilislegri tónleikaupplifun, léttvitluðum hláturvöðvum, tónlistarlegri næringu og léttum veitingum í boði húseigenda. Húsið opnar 19:15 og tónleikar hefjast kl. 20:00. Áhorfendur velja sjálfir hvað þeir greiða í aðgangseyri.

Viðburðurinn er unninn með dyggum stuðningi frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands og Tónlistarsjóði. Markmið verkefnisins er að stuðla að samheldni samfélagsins sem og fjölbreyttu tónleikahaldi utan höfuðborgarsvæðisins.



Það borgar sig að gera við skemmdina strax

Öryggi, áreiðanleiki og fagmennska eru okkar einkunnarorð.

Við hjá Carglass erum sérfræðingar í viðgerðum, rúðuskiptum og stillingu á myndavélakerfum í framrúðum.

- Hraðþjónusta - aðeins 30 mínútur
- Gerum við fyrir öll tryggingafélög
- Mikilvægt er að láta skoða stjörnu í framrúðu sem fyrst
- Framrúðuviðgerð er þér yfirleitt að kostnaðarlausu þar sem tryggingafélagið greiðir
- Umhverfisvænni kostur að laga stjörnu en að skipta um rúðu

Bókaðu tíma í dag



Þú getur bókað tíma með því að skanna QR kóðann



Fyrirmyndir heiðraðar

Umhverfisverðlaun Ölfuss 2026

Nú síðsumars var ánægju-
legt að fá tækifæri til að
veita umhverfisverðlaun Ölfuss
fyrir snyrtilegustu garða sveitar-
félagsins. Verðlaunin eru veitt
þeim íbúum sem með alúð,
metnaði og natni leggja sitt af
mörkum til að fegra nærum-
hverfi sitt og skapa fallegt og
aðlaðandi samfélag. Fallegir og

vel hirtir garðar setja ekki aðeins
svip á einstök heimili heldur hafa
einnig áhrif á heildaryfirbragð
sveitarfélagsins. Þeir endur-
spjega umhyggju íbúanna fyrir
umhverfi sínu og sýna hversu
miklu máli það skiptir að hlúa að
þeim stað sem við köllum heim.
Við val á verðlaunagörðunum er
horft til heildarmyndar, umhirðu,

gróðurs, frágangs og þess hvern-
ig garðurinn fellur að umhverfi
sínu. Það er þó ekki síður metið
hversu vel hefur tekist að skapa
notalegt, fallegt og persónulegt
útisvæði. Við óskum verðlauna-
höfum innilega til hamingju með
viðurkenninguna og þökkum
þeim fyrir framlag sitt til fallegra
og snyrtilegra Ölfuss.



Eyjahraun 10. Sigríður Stefánsdóttir og Ragnar Óskarsson fengu viðurkenningu fyrir fallegan og snyrtilegan garð. Einstaklega fallegur og snyrtilegur garður þar sem umhírða lóðar og húss er öll til fyrirmyndar og eigendum til mikils sóma. Þau hafa byggt upp og ræktað garðinn frá upphafi eða frá 1980 þegar þau fluttu í húsið.



Básahraun 22. Guðbjörg M. Kristjánsdóttir og Þorvaldur Þór Garðarsson fengu viðurkenning fyrir fallegan og snyrtilegan garð. Mjög fallegur og snyrtilegur garður þar sem umhírða lóðar og húss er öll til fyrirmyndar og eigendum til mikils sóma. Skipulag garðsins er mjög flott og samspil timburs og hellulagnar skemmtilegt.



Dórothea Róbertsdóttir og Richard Magnús Karlsson í Skálafell. Einstaklega fallegur og skemmtilegur garður í dreifbýlinu. Allt umhverfi hússins til fyrirmyndar, eigendum hefur tekist mjög vel að láta palla, stíga, og gróður flæða vel saman sem gefur einstaka upplifun á lóðinni.



Chili- hunangsrækjur

Matgæðingur vikunnar er
Hlynur Héðinsson.



Takk fyrir áskorunina! Ég er í mikilli framþróun sem kokkur þessa dagana og það er ekkert voðalega langt síðan ég fór að elda eitthvað annað en hafra-graut eða pasta með tómatsósu. Ég er ekki skipulögð manneskja og mæli magn og tíma í uppskriftum sjaldan en hérna er minn uppáhaldsréttur þessa dagana (svona sirka) og hentar fyrir kannski 2-3 manns og er alveg fáránlega gott.

Chili- hunangsrækjur

500 g risarækjur
100 g smjör
1 chilli
3 hvítlausrif
1 1/2 msk. hunang
1 msk. sojasósa
1/2 kreist sítróna
Salt og pipar

1 hvítlausrif
1 tsk. salt
300 ml vatn
1 lime
Kóríander

Þurrkið af rækjunum. Bræðið smjör og steikið smátt skorinn chili og þrjú fint söxuð hvítlausrif. Setjið rækjurnar á pönnuna og bætið við hunangi, sojasósu og kreistið hálfa sítrónu yfir. Steikið rækjurnar í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Salt og pipar eftir smekk.

Lime og kóríander hrísgrjón

200 g jasmínhrísgrjón
2 msk. ólífuoilía

Setjið ólífuoilíu í pott og stillið á miðlungshita, skolið af hrísgrjónum og bætið við ásamt rifnu hvítlausrifi. Steikið í u.þ.b. 2 mín. og bætið svo við vatni og salti og hækkið í hita þar til suða kemur upp, lækkið þá á lágan hita og látið malla þar til vatn er gufað upp. Saxið kóríander, kreistið lime og rífið limebörk og hrærið vel saman við hrísgrjónin og leyfið að standa í 5 mínútur áður en borið fram.

Ég vil þakka fyrir áskorunina, mikill heiður!

Ég ætla að fá að skora á vin minn Jón Karl Sigurðsson. Ég veit ekkert hvort hann sé góður kokkur en er mjög spenntur að sjá hvað hann ætlar að bjóða upp á!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun:
Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmiðja

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Enginn vill það ólmur fá,
algengasta tölvuvinna.
Blankir fara í banka þá,
býsna oft á tíma minna.

Svar við gátu í blaði 2870: VERK

1. Verklag - 2. Verklaus
3. Verkstjóri - 4. Verksmiðja



AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlanar:

- 1. Bitra L166223; Ný íbúðarbyggð og verslun- og þjónusta; Aðalskipulagsbreyting - 2608061**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. september, að kynna skipulagslýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin felst í breyttri landnotkun á um 150-160 ha svæði á jörðinni Bitru, L166223; minnkun eða niðurfellingu á skógræktar- og landgræðslusvæði SL9, niðurfellingu frístundabyggðarreitanna F17 og F18, niðurfellingu hluta landbúnaðarsvæðis, stækkun verslunar- og þjónustusvæðis VÞ8 (eða skilgreiningu nýs reits) og skilgreiningu á nýju íbúðasvæði.
- 2. Ásmúlasel L224543; Úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2603067**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september, að kynna breytingu á Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Breytingin felur í sér afmörkun nýs landnotkunarreits fyrir frístundabyggð í landi Ásmúlasels.
- 3. Ölvisholt 4 L207867; Ferðabjónusta, íbúðarhús, smáhýsi, smádýragarður; Aðalskipulagsbreyting - 2508069**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. september, að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til lands Ölvisholt 4 L207867, Ölvisholt 4A L229601 og Ölvisholt 3 L224354 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir Ölvisholt 3, 4 & 4A. Í tillögunni felst að landnotkun á hluta Ölvisholts 4 breytist í íbúðasvæði ÍB17, í gildandi aðalskipulagi er það skilgreint sem ræktað land, 2,37 ha að flatarmáli og við norðvesturjaðar þess er ein skilgreind íbúðarlóð, Ölvisholt 2, 1.946 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum íbúðalóðum, hvorri rúmlega 10.000 m² að flatarmáli. Syðri hluti svæðis sem skilgreindur er sem frístundabyggð F12, óbyggt, Ölvisholt 3, 3,5 ha, breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu, sem verður stækkun á svæði VÞ19 og verður um 4,5 ha. VÞ19, verslun og þjónusta. Veitingasala, gistirými og afþreying fyrir ferðamenn, auk 28 smáhýsa. Stærð svæðis um 6,7 ha. Um er að ræða deiliskipulag lóða fyrir 2 íbúðarhús og 28 smáhýsi fyrir ferðabjónustu, fyrir allt að 4 gesti hvert. Fyrirverandi bruggúsi hefur verið breytt fyrir veitingasölu og gistirými og í tengslum við það er gert ráð fyrir leiksvæði fyrir börn með smádýragarði. Að auki verður hestagerði fyrir gestkomandi reiðmenn. Í uppfærðri tillögu hefur verið brugðist við stærð íbúðarlóða þannig að þær séu í samræmi við ákvæði aðalskipulags Flóahrepps. Sveitarstjórn ítrekar fyrri bókun sína um að aðgengi að hugsanlegri smáhýsabyggð fari ekki í gegnum hlaðið hjá nágrönnum og að umferð verði leidd austan við húsið sem þegar stendur á jörðinni Ölvisholt 4A.
- 4. Bíldsfell 3E lóð 1 L219971; Úr frístundabyggð í landbúnaðarland; Aðalskipulagsbreyting - 2510086**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Bíldsfell 3 E lóð 1 L219971. Í breytingunni felst að lóðinni er breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

- 5. Stóri-Háls L170827; Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2601057**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september 2026, að auglýsa tillögu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Stóra-Hálsi (L170827) og heimiluð skógrækt á allt að 100 ha.
- 6. Viðarás L232456; Staðfesting 2ja lóða og skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2608066**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Viðaráss L232456. Í breytingunni felst afmörkun tveggja nýrra lóða, Asparáss 4.027,0 m² og Asparásríma 27.294,1 m², ásamt nýrri vegtengingu að þeim og að Ás 3 III-1 land.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.


- Mál 1. – 4. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 24.09.2026 með athugasemdarfresti til og með 16.10.2026.
- Mál 5. – 6. innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 24.09.2026 til og með 6.11.2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar Skipulagsgáttin undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

TILBOÐ FYRIR ALLA ELDRI BORGARA

Á Hótel Grímsborgum



Innifalið í tilboði:

- Gisting í eina nótt
 - Morgunverður
- Tveggja rétta kvöldverður
 - Aðgangur að heitum potti

Sjá nánar á www.hotelgrimsborgir.is

Sími: 555 7878



BERSEKIR BJJ

BRASILIAN JIU JITSU

GRUNNNÁMSKEIÐ Í BJJ FYRIR KONUR

28.SEPT-22.OKT

MÁNUD: 20:00 FIMMTUD: 20:00

Hauðtönn í BJJ er hafin 7-10 ára. Sjálfsvarnaþrótt sem byggir sjálfstraust og þol.

Skráning á sportablar eða berserkirbjj@gmail.com

Íslandsmeistarar í motocross 2026

Síðasta umferð Íslandsmótsins í motocross fór fram á Akureyri þann 15. ágúst síðastliðinn og að lokinni verðlaunaafhendingu dagsins voru veitt verðlaun til Íslandsmeistara fyrir árið 2026 í motocross. Iðkendur frá UMFS fagna góðu gengi þetta sumarið líkt og undanfarin ár.

Eric Máni Guðmundsson varð Íslandsmeistarari í MX2 flokkun og er þetta 6 íslandsmeistaratilinn hans á ferlinum.

Alexander Adam Kuc varð í öðru sæti til Íslandsmeistara í flokknum MX1

Ísmael Ísak Michaelsson varð Íslandsmeistari unglinga í 125cc

Frábær árangur hjá þeim í sumar.

UMFS



Úthlutun lóðar á Þjóðlendunni Flóa- og Skeiðamannafrétt, Setrið



Skeiða- og Gnúpverjahreppur auglýsir eftir leigutaka til að nýta lóðina Setrið L240005 innan Þjóðlendunnar Flóa- og Skeiðamannafréttar. Lóðin er 14.620 m² að stærð. Svæðið er innan friðlands Þjórsárvera.

Umrædd lóð er á Þjóðlendu (Flóa- og Skeiðamannafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um Þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlenda og afretta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins, þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Það er stefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps að nýting hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu verði sjálfbær í sátt við náttúru og umhverfi þannig að yfirbragð hálendisins haldist að mestu ósnortið. Er það í samræmi við rammaskipulag sveitarfélagsins, landsskipulagsstefnu og stefnu forsætisráðuneytis um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda

Á svæðinu er nú skáli í eigu Ferðafélags 4x4, eða samtals 150 m² að stærð með gistiplássi fyrir 67 manns, einnig geymsla og salernishús, en hámarks byggingamagn getur verið allt að 150 m², 11 m² salernishús og 14 m² geymsla. Skv. Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 og landslagsskipulagsstefnu fellur skálinn undir skilgreiningu sem fjallasel. Á staðnum er einnig fjarskiptamastur.

Við uppbyggingu á svæðinu er mikilvægt að gæta að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Allt jarðrask sem getur haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýrarvíst og öðrum vistgerðum er óheimilt í friðlandinu. Tekið skal mið af því að fjarlægð milli jaðar- og hálendismiðstöðva og fjallaselja sé jafnan hæfileg dagleið fyrir göngufólk.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Þekking á Þjóðlendum.
- Æskilegt er að umsóknaraðili sé óhagnardrifinn eða með óhagnaðardrifið félag.
- Greinargerð skal fylgja umsókn um hvernig viðkomandi hyggst nýta lóð og mannvirki í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir þá sem sækja svæðið heim sem og aðra sem eiga leið um svæðið.
- Frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti.
- Að mannvirki séu í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af hálendisferðamennsku og starfsemi afreittarskála.
- Reynsla umsækjanda af gerð og viðhaldi mannvirkja.
- Umsækjandi hafi þekkingu á náttúruvernd og sjálfbærni í ferðamennsku um náttúru Íslands.

Rekstraraðili skal byggja upp/sjá um rekstur þjónustu í og við skálanna og sjá um allt nauðsynlegt og eðlilegt viðhald á hinum leigðu skálum. Rekstraraðili skal vera óhagnaðardrifinn í starfi sínu

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum sem berast ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins fyrir svæðið.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps, eigi síðar en föstudaginn 2. okt nk. Frekari upplýsingar veitir Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps á netfanginu er sylviakaren@skeidgnup.is



**Vissir þú að við erum með glæsilega verslun á Selfossi?
Hún er staðsett að Eyravegi 38 og er opin alla virka daga
frá klukkan 08:00 - 17:00 (16:00 á föstudögum)**

Festingar - Efnavara - Würth Modyf vinnufatnaður - Slípivörur
Rafmagnsvörur - Persónuhlífar - Handverkfæri - Rafmagnsverkfæri
Loftverkfæri - Hillukerfi og verkfæravagnar og margt fleira



BRAG AF VINÁTTU!



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800

LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

LÁTTU FAGMENN SJÁ UM VERKIÐ ÞITT

S: 692-2575



800 SMÍÐI EHF.

800SMIDI@GMAIL.COM
HRINGDU OG FÁÐU FRÍTT VERÐTILBOÐ Í ÞITT VERK

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti



Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta



Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

prentmet
heilðarlausnir í prentun

Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum



GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

**FÁÐU TILBOÐ
Í ÞINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska - Gandi - Áreiðanleiki

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

LAGNALAND

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is



LAGNALAND EHF.

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

**DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR**



510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is